

Leiðbeiningar um lungnateppu

EFNT HEFUR verið til átaks til að vekja athygli ráðamanna, heilbrigðisstarfsmanna og almennings um allan heim á langvinnri lungnateppu sem vaxandi heilbrigðisvandamáli. Átakið nefnist „Global initiative for chronic Obstructive Lung Disease“, skammstafað GOLD. Til þess að bæta greiningu og meðferð sjúkdómsins hafa verið teknar saman alþjóðlegar leiðbeiningar sem voru gefnar út 4. apríl 2001. Að leiðbeiningunum standa meðal annars WHO og NHLBI (National Heart Lung and Blood Institute í Bandaríkjunum). Stýrihópur um klínískar leiðbeiningar hefur ákveðið að kynna þær og vísa til þeirra á vef Landlæknisembættisins. Af þessu tilefni hefur sérstakur vinnuhópur verið stofnaður og í honum eru Gunnar Guðmundsson lungnalæknir, Halldór Jónsson heimilislæknir, Jón Bjarnarson heimilislæknir og Þórarinn Gíslason lungnalæknir. Leiðbeiningarnar hafa verið sendar hópi lækna til umfjöllunar. Þær hafa þegar verið samþykktar af Félagi íslenskra heimilislækna.


Æskilegt er að leiðbeiningar þessar verði teknar til faglegrar umfjöllunar af sem flestum einstaklingum og sérgrainafélögum. Ábendingum um breytingar

studdum heimildum má koma til formanns vinnuhópsins, Þórarins Gíslasonar, thorarig@landspitali.is. Leiðbeiningarnar má einnig nálgast á heimasíðu GOLD www.goldcopd.com

Workshop Report eru lengstar og ítarlegastar.

Excutive Summary er nokkuð styttri og þar er hægt er skoða öll atriði leiðbeininganna í einu pdf-skjali.

Pocket Guide er stuttur útdráttur úr aðalatriðunum. Ætlunin er að birta hann á íslensku síðar.



Forsíða „Pocket Guide“-útgáfunnar sem ætlunin er að birta á íslensku.



Merki GOLD-átaksins.

Endurmenntunarstofnun HÍ

Þrjú námskeið fyrir heilbrigðisstarfsmenn

Upplýsingatækni – gagnaleit

Að nota netið í þágu sjúklinga

Einkum ætlað fagfólki og stjórnendum í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Fjallað er um hvernig afla megi hagnýtra og trausta upplýsinga sem gagnast geta sjúklingum og hægt er að vísa þeim á til að þeir drukki ekki í gögnum um aragrúa grunnrannsóknna. Hvernig á að lifa af í því upplýsingaflóði sem á okkur skellur daglega og hvar eru haldbestu og öruggustu heimildirnar? Kynning á bestu læknisfræðilegu vefsvæðunum með áherslu á „evidence based“ vefsíður hjá stofnunum sem gagnrýna og meta upplýsingar og setja síðan niðurstöður í samhengi við aðrar rannsóknir um sama efni.

Kennari: Sigurður Helgason sérfræðingur í heimilislækningum og ritstjóri klínískra leiðbeininga hjá Landlæknisembættinu.

Tími: Mán. 3., mið. 5. og mán. 10. mars 2003 kl. 17:00-19:00.

Verð: 15.800 kr.

Fyrirlestrar með PowerPoint – grunnnámskeið

Einkum ætlað fagfólki í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en er öllum opið.

Forritið PowerPoint býr yfir öflugum möguleikum í gerð glæra og kynningarefnis. Kennnd eru grunnatriði í uppsetningu á fyrirlestrum með PowerPoint-forritinu.

Kennari: Þórunn Óskarsdóttir verkefnisstjóri og kennsluráðgjafi hjá kennslusviði HÍ.

Tími: Þri. 11. og fim. 13. mars 2003 kl. 17:00-19:00.

Verð: 13.800 kr.

Fyrirlestrar með PowerPoint – framhaldsnámskeið

Einkum ætlað fagfólki í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en er öllum opið.

Kennt er hvernig nota má möguleika PowerPoint við gerð glærkynninga, þar sem möguleikar forritsins eru nýttir til hins ýtrasta og leiðir til að nálgast og taka inn í erindi efni af Netinu.

Kennari: Þórunn Óskarsdóttir verkefnisstjóri og kennsluráðgjafi hjá kennslusviði HÍ.

Tími: Þri. 18. og fim. 20. mars 2003 kl. 17:00-19:00.

Verð: 13.800 kr.